



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn Akraness  
bt. bæjarstjórnar  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 02.05.2019  
1809184 SPH/hs

**Efni: Aðalskipulag Smiðjuvellir - breyting**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 29. apríl s.l., var fjallað um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna iðnaðarsvæðisins að Smiðjuvöllum skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst m.a. í að landnotkunarreitir A9 og A10 eru sameinaðir í reit A8 og skipulagsákvæðum breytt. Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun. Svæði I6 fyrir aðveitustöð rafveitu er fært til austurs í samræmi við orðinn hlut. Svæði V9 er leiðrétt til samræmis við afmörkun lóðar. Tillagan var auglýst frá 5. mars til og með 28. apríl 2019. Engar athugasemdir bárust.

*Bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson  
sviðsstjóri

fulltrúi

Meðf.: Aðalskipulagsuppdráttur